



Hönnunarleiðbeiningar leiksvæða og störf aðgengisfulltrúa 2024

Kynning í Umhverfis- og skipulagsráði 07.05.2025

AÐGENGILEG LEIKSVÆÐI Í REYKJAVÍK

- Hönnunarleiðbeiningar fyrir leiksvæði, útg. 1



Almennt

- Öll leiksvæði, hvort sem þau eru staðsett á lóðum eða í borgarlandi skulu vera aðgengileg öllum.
- Orðtakið "Ein leið, ekki sér leið" skal vera ofarlega í huga hönnuða við hönnun leiksvæða.
- Innan leiksvæða eiga að vera fjölbreyttir leikmöguleikar.
- Hanna skal leiksvæði og velja tæki og búnað með aðgengismál í fyrirrúmi. Notendur svæðanna eru á öllum aldri, allt frá ungabörnum til eldri borgara.
- Lóðir fyrir leiksvæði eru fjölbreytilegar, lagt er til að nýta það við hönnun leiksvæða en gera það um leið aðgengilegt öllum.

Gróður

- Gróður skal vera á leiksvæðum og notendur eiga auðveldlega að geta komist í snertingu við hann.

Skipulag svæðisins og læsileiki innan þess

- Þegar leiksvæði eru stór er þeim skipt upp í minni mismunandi svæði, s.s. bæði ærslafull og róleg.

Afmörkun

- Afmörkun leiksvæðis skal vera greinileg.

Aðkoma og inngangar

- Aðkoma skýr og inngangar augljósir.
- Huga skal að aðgengi þjónustubíla að leiksvæðum.

Lýsing

- Lýsing skal skapa öryggi og gera leiksvæði aðgengilegt allt árið.
- Ljósabúnað skal ekki staðsetja inn á stígum eða dvalarsvæðum heldur utan við þau.

Búnaður

- Dvalarsvæði skulu vera á/við leiksvæði.
- Setmöguleiki með baki og armhvílu skal vera á leiksvæðinu og autt svæði við hlið þeirra, fyrir hjólastóla eða barnavagna.
- Ef borð eru á svæðinu skal vera aðgengi fyrir hjólastóla að þeim.



Leiktæki

- Aðgengismál og fjölbreyttir leikmöguleikar skulu ávallt hafðir í huga þegar leiktæki eru valin á leiksvæði.
- Aðgengi á milli leiktækja skal vera nógu breitt svo notendur geti farið greiðlega á milli þeirra.

Helstu leiðir um svæðið

- Aðgengilegir stígar með föstu yfirborði skulu tengja innganga við mismunandi rými innan leiksvæðis.
- Þar sem þrep eru nauðsynleg skal fylgja ítrustu kröfum byggingarreglugerðar s.s. varðandi handlista og merkingar á tröppunefum.
- Þreplauser leiðir skulu líka vera til staðar.

Efnisval og litir

- Yfirborðsefni aðalstíga skal vera fast og slétt s.s. hellur, steypa eða malbik.
- Yfirborðsefni við leiktæki skulu skera sig frá leiktækjunum í lit.
- Litir skulu ekki vera of skærir eða truflandi.

Hönnunarlausnir fyrir ólíka notendur

Hreyfihömlun

- Yfirborð sem hentar hjólastólum.
- Skipulögð stór svæði með breiðum gönguleiðum.
- Kantur meðfram skábrautum.
- Svæðið er þrepalaust.
- Pláss fyrir hjólastól við setsvæði.
- Leiktæki í borðhæð, eins og t.d. sandkassi og vatnsleikur.
- Auðvelt að komast í leiktækin, t.d. handföng.
- Leiktæki sem örvar skilningarvit.

Ofnæmi og astmi

- Gróðurval, hafa í huga ofnæmi í öndunarferum og á húð.

Sjónskerðing

- Leiksvæði sé með skýru og auðskiljanlegu skipulagi.
- Skýr og greinileg aðkoma að leiksvæði.
- Varnargirðingar við rólur.
- Litir leiktækja skeri sig úr náttúrulegu umhverfi.
- Leiðarlínur á milli leiktækja og innan leiksvæðis.
- Áþreifanlegar og sjónrænar merkingar við hæðarmismun.
- Upplýsingaskilti með blindaletri eða Navilens.
- Góð lýsing á leiksvæði sem veldur ekki glýju.

Heymarskerðing

- Upplýsingaskilti af svæðinu með texta og myndum.
- Ekki velja leiktæki sem gefa frá sér skyndileg glymjandi hljóð.
- Góða lýsingu á leiksvæði til að auðvelda varalestur.

Einhverfa og ADHD (skynsegin)

- Afgirt leiksvæði með skýru skipulagi sem tryggir góða yfirsýn.
- Vel merktur inngangur á leiksvæði.
- Skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar við hvert leiktæki.
- Afmörkuð, minni leiksvæði fyrir rólegan leik.

Þroskahömlun

- Myndtákn í stað texta við leiktæki til að auðvelda skilning.
- Hafa leiktæki sem henta líka fullorðnum s.s. rólur.
- Leiktæki sem eru auðveld í notkun og örva skilningarvitin.
- Girðingar í kringum leiksvæðið til að tryggja öryggi.



Reykjavík

AÐGENGILEG LEIKSVÆÐI Í REYKJAVÍK

- Hönnunarleiðbeiningar fyrir leiksvæði, útg. 1



Aðkoma og inngangar

- Leiksvæði skulu tengjast stígakerfi borgarinnar.
- Inngangar skulu vera augljósir, t.d. með skiltum, litum eða lýsingu.
- Notendur leiksvæða eiga ekki að þurfa að fara yfir götur eða bílastæði til þess að komast að leiksvæðunum, en þó þarf að tryggja aðgengi þjónustubíla að leiksvæðum.
- Inngangar skulu vera það breiðir að einstaklingar í hjólastól geti mætt öðrum án vandræða.
- Við innganga á að vera góð yfirsýn yfir leiksvæðið ásamt upplýsingaskilti.
- Gæta skal þess að á svæðinu verði ekki til "hom" eða útskot sem eru í hvarfi frá helstu sjónásum á svæðinu.
- Ef bílastæði eru við leiksvæðin skal a.m.k. eitt þeirra vera skilgreint sem bílastæði hreyfihamlaðra.
- Æskilegt er að á leiksvæðum séu hjólastæði svo fólk geti læst hjólum sínum á meðan á dvöl stendur. Staðsetning þeirra má ekki skapa hættu eða loka á innganga eða stíga þegar þau eru fullnýtt. Athugið fjölbreytni í stærðum og gerðum hjóla.

Afmörkun

- Leikskólalóðir skulu vera girtar. Opín leiksvæði og grunnskólalóðir má afmarka með öðrum hætti.
- Ef gróður er notaður til afmörkunar skal velja tegundir sem tryggja skýr útmörk svæðisins allt árið um kring. Mikilvægt er að viðhaldi gróðurs sé sinnt.

Skipulag svæðisins og læsileiki innan þess

- Leitast skal við að hanna aðgengileg leik- og dvalarsvæði sem nýta einnig þá náttúrulegu kosti sem eru á svæðinu við upphaf verks.
- Útlínur og efnisval innan svæðanna skal hanna með skýrleika og læsileika í huga.
- Ef svæði eru það stór að erfitt gæti reynst að hafa góða yfirsýn yfir þau, skal setja upp upplýsingaskilti með korti við innganga þeirra.
- Stærri svæði s.s. skólalóðir skulu bjóða uppá fjölbreytni. Notendur ættu að geta sótt í rölegri, náttúrulegri eða ærsfyllirri svæði innan leiksvæðis.

Helstu leiðir um svæðið

- Leiksvæði skal hafa samfellt kerfi aðgengilegra stíga sem tengja saman innganga og mismunandi rými innan svæðisins.
- Stígar í þessu samfellda kerfi skulu vera nægilega breiðir svo allir komist leiða sinna. Miða skal við að breidd aðalstíga sé að lágmarki 1,5m að því gefnu að snúningspláss séu við þá með reglulega millibili.
- Ef stígar liggja að eða meðfram svæðum þar sem gætu leynst slysaðettur, svo sem mikill hæðarmunur eða stoðveggir, skal setja upp handrið meðfram stígum.
- Hæðarmun skal leysa með skábrautum frekar en þrepum á aðalleiðum svæðisins. Þrepalaust aðgengi skal ávallt vera í fyrirrúmi í öllum stígum.
- Ef hæðarmunur er við innganga bygginga sem leysa þarf með skábraut skulu hönnuðir fylgja öllum kröfum byggingarreglugerðar í útfærslu þeirra.
- Ef þrep eru nauðsynlegt skulu þau uppfylla byggingarreglugerð. Gæta skal ávallt að því að aðrar þreplausar leiðir séu einnig til staðar.
- Þrep skulu hafa handlista og merkja skal tröppunef með áberandi lit.

Lýsing

- Lýsing skal skapa öryggi og gera leiksvæði aðgengilegt óháð árstíðum.
- Ljósabúnaður skal vera staðsettur fyrir utan stíga og dvalarsvæði.
- Lampar skulu ekki valda glýju.
- Ljósstyrkur á leiksvæðum skal vera nógu mikill að notendur með skerta sjón eða rötunarhæfileika geti greint mismunandi yfirborð og að auðvelt sé að greina varalestur.
- Ljósastaurar og pollar skulu skera sig frá umhverfi sínu svo staðsetning þeirra sé auðgreinanleg.

Efnisval og litir

- Við val á efnum og litum á leiksvæði skal gæta hófs. Of mikið áreiti í litum og formum geta valdið óþægindum, sérstaklega fyrir skynsegin einstaklinga.
- Yfirborðefni í kringum leiktæki skulu vera föst, slétt og uppfylla kröfur um fallvörn.
- Yfirborðsefni stíga skulu vera föst og slétt svo sem hellur, steypa eða malbik, þó ekki svo að slétt yfirborð verði sleipt í bleytu. Malarstigar geta verið aðgengilegir öllum ef yfirborð þeirra er vel þjappað og víðeigandi komastærð valin.
- Yfirborðsefni skulu vera einsleit í áferð og forðast skal mikinn skarpleika í litamun á almennum stígum.
- Skörp skil og mikill litamunur skal vera þar sem vekja á athygli á hættum í umhverfinu, t.d. við fallhæðir eða stígamót.
- Yfirborðsefni við leiktæki skulu skera sig frá leiktækjunum í lit svo ekki sé hætt á að leiktæki falli inn í aðliggjandi yfirborð með tilheyrandi árekstrarhættu.
- Forðast skal að nota efni sem renna til eða dreifast yfir á önnur svæði, eins og fallvamarmöl á malbiki. Rúnuð jarðefni eða kurl má einungis nota ef tryggt er að þau dreifist ekki yfir á önnur svæði.

Leiktæki

- Aðgengismál skulu ávallt vera í forgrunni þegar leiktæki eru valin á leiksvæði.
- Ef leiktæki sem ekki telst aðgengilegt öllum er valið á svæðið, skal setja upp annað leiktæki með sambærilega leikmöguleika fyrir þau sem geta ekki notað hitt tækið.
- Ef leiktæki er ekki fullkomlega aðgengilegt skal tryggja að hægt sé að taka þátt í leiknum upp við leiktækið, s.s. með því að tryggja aðgengi upp að leikækinu og í kringum það.
- Leiktæki skulu valin með fjölbreytta leikmöguleika í huga innan tækis og í umhverfi þess, svo þau henti sem flestum.
- Aðgengi á milli leiktækja skal vera nógu breitt svo notendur geti farið greiðlega á milli þeirra án hættu á árekstrum.
- Allur galvanhúðaður málmur skal litaður a.m.k. upp að 150 cm hæð

Búnaður

- Auk leiktækja skulu leiksvæði innihalda annan búnað s.s. bekkir, borð og ruslatunnur.
- Öll leiksvæði skulu hafa áningasvæði eða bekkir með minnst 150 m millibili við aðalstíga.
- Búnaður á áningasvæðum skal valinn miðað við áætlaða notkun þeirra.
- Búnaðurinn skal skera sig úr umhverfi sínu í lit.
- Áningasvæði skulu bjóða upp á setsvæði til hvíldar.
- Á öllum dvalarsvæðum skulu vera setmöguleikar með baki og armhvílu, bæði fyrir hægri og vinstri hendi.
- Á hverju leiksvæði skyldi hið minnsta vera einn bekkur og rými við hlið hans fyrir hjólastóla eða barnavagn.
- Ef borð eru á leiksvæðum skal hið minnsta vera aðgengi fyrir einn hjólastól við hvert borð.

Gróður

- Leiksvæði eiga að innihalda gróður og æskilegt er að notendur komist í snertingu við gróðursvæði án mikillar fyrirhafnar.
- Við val á gróðri og staðsetningu innan svæðis skal sérstaklega horft til líftíma og vaxtarlag plantna.
- Rekstraraðililar leiksvæða verða að sinna viðhaldi gróðurs á leiksvæðum. Hönnuður skal skila inn viðhaldsáætlun með hönnun sinni.
- Við plöntuval skal þess gætt að velja ekki eittraðar, eða þymóttar plöntur eða plöntur sem eru algengir ofnæmisvaldar. Sjá lista á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is.
- Forðast skal að staðsetja plöntur við stíga sem með tímanum gætu slútað yfir þá og skert aðgengi eða gert þá óaðgengilega með rötum sínum.
- Hanna þarf lýsingu og gróðursvæði saman með það í huga að gróður skyggi ekki á ljósgjafa með tímanum.

Kynnt í mannréttindaráði Reykjavíkur 10.04.2025

Kynnt í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur 07.05.2025

Gefið út af aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar
XX.XX.2025



Reykjavík



Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar

- **Aðgengisstefnan var samþykkt í borgarstjórn 3. maí 2022.**
- **Er heildstæð stefna um aðgengismál í víðum skilningi, sem byggir á hugmyndafræði um algilda hönnun í byggingum og borgarrýmum, auk aðgengis að upplýsingum, þjónustu og stuðningi.**





Meginmarkmið 1

Húsnæði með starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar sé aðgengilegt öllum.

Meginmarkmið 2

Skipulagt borgarland styðji við fjölbreyttar þarfir og öll komist leiðar sinnar óháð samgöngumáta.

Meginmarkmið 3

Þjónusta og viðburðir á vegum borgarinnar mæti þörfum ólíkra hópa.





**Í hnotskurn ganga markmið
stefnunnar út á að Reykjavík sé
aðgengileg borg fyrir alla íbúa og líka
þá sem heimsækja hana.**



Reykjavík

Aðgerðaráætlunin

- Á grunni ofnagreindra markmiða voru mótuð mælanleg markmið og aðgerðir.



Aðgerðaáætlun með aðgengisstefnu 2022 - 2024

Hér á eftir fer aðgerðaáætlun með aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2024 en þá verður hún endurskoðuð í samstarfi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks og starfsfólks nefndarinnar. Áhersla er lögð á að við útfærslu aðgerða verði ávallt haft samráð við aðgengis- og samráðsnefnd borgarinnar í málefnum fatlaðs fólks og eftir atvikum hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

1. Aðgengi að húsnæði

Meginmarkmið: Allt húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og/eða sem Reykjavíkurborg leigir undir starfsemi verði aðgengilegt fólki með fjölbreyttar aðgengisþarfir. Aðkoma sé einnig með þeim hætti að aðgengi sé tryggt óháð samgöngumáta fólks.

Aðgerð 1.1: Unnið verði úr fyrirbyggjandi aðgengisúttektum á húsnæði borgarinnar.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd.

Aðgerð 1.2: Að forgangsraða leikskólum og grunnskólum í hverju hverfi borgarinnar sem yrðu gerðir fullkomlega aðgengilegir fótluðum nemendum með fjölbreyttar aðgengisþarfir.

Markmið 1.2: 2-5 leikskólar aðgengilegir öllum í lok árs 2023. 2-5 grunnskólar aðgengilegir öllum í lok árs 2023.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið ásamt skóla- og frístundasviði og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Aðgerð 1.3: Við endurnýjun grunn- og leikskólaþátta sé tryggt að hönnun og breytingar uppfylli hugmyndafræði algildrar hönnunar. Leitast sé við að bjóða upp á leiktæki sem henta sem flestum hópum óháð aldri, fótun og færni.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið í samráði við skóla- og frístundasvið og aðgengis- og samráðsnefnd.



Reykjavík



Aðgengisfulltrúi

- Helsta forsenda þess að framgangur aðgerðaráætlunarinnar sé tryggður og að aðgengisstefnunni sé fylgt eftir, var að ráðinn yrði aðgengisfulltrúi í eitt stöðugildi.
- Aðgengisfulltrúi Reykjavíkur hóf störf 1. janúar 2024.
- Upplýsingar um hver er aðgengisfulltrúi og hvernig er hægt að nálgast hann koma fram á heimasíðu borgarinnar, m.a. þar sem er fjallað um aðgengisstefnuna.



Helstu verkefni aðgengisfulltrúa

- Bregðast við með aðgengisbætandi aðgerðum í skóla- og frístundahúsnæði vegna fatlaðra nemenda, starfsfólks eða aðstandanda.
- Rýna teikningar og hönnun vegna breytinga á byggingum, lóðum, götum eða opnum svæðum. Ráðleggja hönnuðum og verkefnastjórum - gátlistar.
- Vera í samskiptum við forstöðumenn sundlauga, íþróttamannvirkja og annarra þjónustu- og menningarstofnanna borgarinnar, vegna aðgengismála.
- Vera tengiliður borgarinnar útá við vegna aðgengismála t.d. við ÖBÍ, Blindrafélagið (Sjónstöðin) og Römpum upp Ísland.





Byggja brýr

- MARLÝ og USK
- Verkefnastjórar nýframkvæmda
- Verkefnastjórar endurbóta
- Verkefnastjórar gatna
- Verkefnastjórar lóða og opinna svæða
- Samgönguskrifstofa
- Skrifstofa borgarlandsins
- Skrifstofa umhverfisgæða
- MÍR - sundlaugar og útivist
- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara - viðburðarteymi

Skólar og frístund

- Bregðast við með aðgengisbætandi aðgerðum í húsnæði og á skólalóðum, vegna fatlaðra nemenda, kennarar eða aðstandenda.
- Forgangsraða skólum í samráði við SFS (einn skóli í hverju hverfi gerður aðgengilegur)
- Vinna aðgengisúttektir á skólum
- Vinna úr eldri aðgengisúttektum
- Framkvæma eftir athugasemdunum í úttektunum – fasteignastjórar, umsjónarmenn, verktakar.

Áætlun

- Vinna áætlun um framkvæmdir og aðgerðir í aðgengismálum á vegum borgarinnar á árinu 2024-2025.
- Kynna þá áætlun í Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks í Reykjavík í október/nóvember 2024.



Reykjavík



Bílastæði og rafopnanir

- Reglulega koma óskir um merkingu eða gerð bílastæða fyrir fatlaða við grunnskóla og/eða aðrar byggingar í eigu borgarinnar.
- Hið sama má segja um rafopnanir sem þarf reglulega að setja upp bæði þegar notendur benda t.d. umsjónarmönnum húsnæðisins á það og eins þegar nemandi eða starfsmaður byrjar í skóla.

Talgervlar og punktaletur

- Setja upp merkingar með punktalettri og NaviLens við aðalinnganga og í lyftum í 15-20 byggingum Reykjavíkurborgar á hverju ári í samræmi við aðgerð 1.5.
- Talgervlar verði settir í lyftur í 15-20 byggingar Reykjavíkurborgar á hverju ári, í samræmi við aðgerði 1.6.

Römpum upp

- Náið samstarf við Römpum upp verkefnið, sem snýr að því að gera rampa við leikskóla, grunnskóla og þjónustustofnanir borgarinnar.
- Áætlað er að um 200 rampar voru gerðir í Reykjavík á árinu 2024.





Vinahópur

- Setja á laggirnar vinnuhóp (vinahóp) með tengiliðum við ÞON, MARLÝ, VEL og aðgengisfulltrúa.
- m.a. til að vinna að þeim aðgerðum aðgerðaráætlunarinnar sem snúa að þriðja meginmarkmiði stefnunnar þ.e: aðgengi að þjónustu og viðburðum.

Jöfnunarsjóður

- Að sækja um fjármagn í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna, í samráði við fjármálastjóra USK, vegna aðgengisbætandi aðgerða sem hafa verið framkvæmdar.

Allskonar

- Það koma upp allskonar smáverkefni í öllum samskiptum aðgengisfulltrúans, sum eru auðveld í framkvæmd en önnur þurfa mikla útsjónarsemi og samvinnu við marga aðila.





Ýmis verkefni aðgengisfulltrúa síðustu mánuði

- Háteigsskóli - rampur, lyftur, rafopnanir, breytingar á innréttingum, sérhæfður búnaður á salerni, breytingar á lóð ofl.
- Háteigsskóli -íþróttahús.
- Fellaskóli - breyta salerni, setja ramp niður í íþróttahús, fjarlægja háa þröskulda í íþróttahúsi.
- Frístund Halastjarnan Háteigsskóla - rýni á teikningum og ráðgjöf við endurbætur.
- Frístund Hraunheimar (nemandi í Fellaskóla).
- Frístund Dalheimar (nemandi í Laugarnesskóla).
- Húsaskóli - handrið
- Borgarskóli - lyfta og merking bílastæðis
- Suðurborg - sjónskert foreldri, mála handslista og merkja tröppunef.
- Gerð leiðbeininga/gátlista fyrir hönnuði leiksvæða á opnum svæðum og skólalóðum. (Andri, Ásta Camilla og Jóhann Sindri).
- Uppfærsla og gerð prispteikninga við lagningu leiðarlína og áherslusvæða við þar sem gangstétt mætir götu með niðurtekt, upphækkun eða gangbraut.(Höskuldur, Ársæll, Berglind á Eflu, Sjónstöðin, ÖBÍ og Vegagerðin).
- Rýni á hönnunarborði: t.d. Stakkaborg, Vörðuborg, KSÍ-borg, Berg á Kjalarnesi, Suðurborg, Arnarborg, Borgarskóli, Halastjarnan, Hjarta Ráðhússins, lokuð strætóskyli, JL - hús ofl.
- Vinna með Römpum upp Ísland




Reykjavík



Ýmis verkefni aðgengisfulltrúa síðustu mánuði

- Sundlaugar – fundur um sérklefa með forstöðumönnum
- Sundlaugar - aðgengi blinda í sundlaugum.
- Sundlaugar - búa til tékklista fyrir viðahaldsfólk og fasteignastjóra um að endurnýja/viðhalda með tilliti til aðgegnisbætandi lausna.
- Aðgengisbætandi aðgerðir í borgarumhverfinu s.s. fjarlægja steiptar kúlur í Bryggjuhverfi og steipta hnalla í Kolagötu, mála staura við Borgir og stúkuna við Laugardalsvöll.
- Samvinna með Viðburðarteymi varðandi viðburði sumarsins.
- Gerð áætlunar um uppsetningu talgervla í lyftur með BBB í samræmi við aðgerði 1.6 í aðgerðaráætluninni.
- Gerð áætlunar um merkingar með punktalettri og NaviLens í stofnunum borgarinnar með Hlyni, í samræmi við aðgerð 1.5 í aðgerðaráætluninni.
- Gerð bílastæða fyrir fatlaða, s.s. við Heiðarborg, Rauðaborg og í Bjarkargötu.
- Vesturbæjarskóli handrið við tröppur á lóð – sjá næstu glæru.






Vesturbæjarskóli





Stígur við Hraunbæ 103-105



Stígur við Hraunbæ 103-105



Reykjavík



Brattagata og inngangur í Borgarsögusafn



Háteigsskóli - rampur




Reykjavík



Borgir - grágrýtispollar



Kúlur í Bryggjuhverfi



Ker í stað stólpa í Reykjastræti



Reykjavík



Stólpar við stúkuna í Laugardal





Bílastæði fatlaðra við Bjarkargötu



Bílastæði fatlaðra við Bjarkargötu



Ráðhús - salerni fyrir fatlaða x3



Ráðhús - tröppur



Reykjavík



Borgartún - tröppur



Reykjavík



Matjurtarkassi með aðgengi fyrir öll - Hverfið mitt



Ýmis verkefni aðgengisfulltrúa á næstu mánuðum

- Sundlaugar
 - sérklefi í Grafarvogslaug.
 - sérklefi í Klébergslaug.
 - endurbæta og yfirfara alla sérklefa lauganna.
 - samræma reglur um notkun klefanna.
- Bæta aðgengi í Gufunesi í samræmi við aðgengisúttekt '23
- Bæta aðgengi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í samræmi við aðgengisúttekt '24.
- Fullhanna bílastæði milli fjölskyldu- og húsdýragarðs.
- Setja upp ramp við göngubrúnna sem liggur að Kringlunni frá Húsi Verslunarinnar.
- Samvinna með Viðburðarteymi varðandi viðburði sumarsins.
- Halda áfram með uppsetningu talgervla í lyftur með BBB í samræmi við aðgerð 1.6 í aðgerðaráæltuninni.
- Setja upp Navilensmerkingar í Ráðhúsi og Borgartúni í samræmi við aðgerð 1.5.
- Setja upp aðgengilega matjurtarkassa við þjónustukjarna eldri borgara.
- Gera áætlun um endurnýjun bílastæða fyrir fatlaða í borginni. Endurnýja 5-10 stæði á árinu.
- Bregðast við komu fatlaðra nemenda/starfsfólks/foreldra í skóla- og frístundahúsnæði í borginni.



takk!



Reykjavík